

# EFTIRLITSSKÝRSLA



Pingeyjarsveit (áður Skútustaðahreppur) Kollóttalda á Hólasandi

Dags eftirlits	12.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Pingeyjarsveit (áður Skútustaðahreppur)	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hlíðarvegur 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6002691009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ingimar Ingimasson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en úrbótum vegna eldri frávika er ekki lokið er varðar hreinsun á urðunarstað. Óskað er eftir uppfærði tímasettri áætlun um hreinsun svæðis og frágangs á urðunarstað og samræmis við deiliskipulag.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Pingeyjarsveitar (fyrrum Skútustaðahreppur) við Kollóttöldu á Hólasandi í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaður er ekki skilgreindur í aðalskipulagi Skútustaðahrepps fyrir árin 2011-2023. Útgáfudagur starfsleyfis var 3. nóvember 2021 og er gildistími þess til 3. nóvember 2037. Samkvæmt rekstraraðila hefur engin urðun átt sér stað á urðunarstaðnum.

Í september árið 2023 fór fram reglubundið eftirlit með starfsemi urðunarstaðar Pingeyjarsveitar (áður Skútustaðahrepps) að Kollóttöldu á Hólasandi. Var þá opið eldra frávik þar sem rekstraraðili vann eftir úrbótaáætlun er varðar móttöku á óvirkum úrgangi inn á urðunarstað, og að í þeirri áætlun hugðist rekstraraðili ætla að fjarlægja úrganginn og koma honum í viðeigandi ráðstöfun. Úrbætur gengu hins vegar ekki eftir þar sem umræddur úrgangur var enn til staðar við eftirlit ársins 2023.

Þann 6. mars 2023 sótti rekstraraðili um niðurfellingu starfsleyfis. Skv. gr. 1.6 í starfsleyfi skal allur frágangur á urðunarstað vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að svæðið falli sem best að landslagi. Rekstraraðili hefur sent frá sér áætlun um endanlegan frágang svæðis en ekki er greint frá slíku í deiliskipulagi né aðalskipulagi fyrir svæðið.

Árið 2023 kom fram frávik er varðar að ekki var til staðar áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðar. Slík áætlun skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur árum áður en starfsemi líkur. Lokun urðunarstaðar skal fara samkvæmt gr. 23 og 24 í reglugerð nr. 738/2003, sbr. gr. 1.6 og 3.11 í starfsleyfi.

Þann 15. desember 2023 barst Umhverfisstofnun bréf með úrbótaáætlun og frekari upplýsingum vegna lokunarferils frá rekstraraðila ásamt úrbótaáætlun. Til að hægt sé að halda áfram með framkvæmd lokunaráætlunar verður að klára úrbætur vegna útistandandi mála til að hægt sé að hefa vinnu við lokunaráætlun, m.a. út frá deiliskipulagi.

Í úrbótaáætlun kom fram að sviðstjóra umhverfis- og framkvæmdarsviðs hafi verið falið að leita eftir nýrri staðsetningu fyrir móttöku á óvirkum úrgangi svo hægt væri að hreinsa upp þann úrgang sem var til staðar á urðunarstað. Voru áætlun verklok á hreinsun við Kollóttöldu, 30. júní 2024.

Ekki liggur fyrir uppfært deiliskipulag sem samræmist lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn. Samkvæmt rekstraraðila verður svæðið að lokum ræktað upp í samstarfi við Landgræðsluna sem hluti af svartvatnsverkefni Pingeyjarsveitar og Landgræðslunnar. Samkvæmt rekstraraðila þá er nýtt skipulag í vinnslu en ekki næst að klára það fyrir lok ársins. Að öllum líkindum verði þeirri vinnu lokið árið 2025.

Úrbótum hefur miðað áfram en telur eftirlitsaðili að úrbætur geti ekki talist fullnægjandi þar sem úrgangur var enn til staðar við eftirlit núna. Telur rekstraraðili að losun í óleyfi hafi líklega átt sér stað eftir að hreinsun á svæðinu hafi átt sér stað. Verður rekstraraðili að klára úrbætur til fullnaðar og klára að hreinsa upp svæðið af öllum úrgangshaugum og sjá til þess að yfirborð falli að landslaginu umhverfis staðinn.

Deiliskipulag þarf að liggja fyrir upp á framgang lokunaráætlunar. Áætlun skal unnin út frá þörf vegna vöktunar staðarins. Í 23. gr. rgl. nr. 738/2003 kemur fram að lokun urðunarstaðar, eða hluta hans, telst ekki endanleg fyrr en Umhverfisstofnun hefur látið fara fram lokaskoðun á vettvangi, metið allar skýrslur sem rekstraraðili hefur lagt fram og ákvörðun Umhverfisstofnunar um lokun liggja fyrir.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir